

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Brúnavegur 4 L168343.*

Óveruleg breyting er gerð á gildandi deiliskipulagi í Ásgarði, fyrir Brúnaveg 4 L168343. Breytingin felur í sér að lóð Brúnavegar 4 verður ein lóð í stað tveggja. Breyting á deiliskipulagi er í samræmi við núverandi skráningu lóðarinnar.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 3. júlí 2020.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**